



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Reykjavík, 10. desember 2024

USK24120037

TILLAGA

Kringlumýrarbraut – forgangakrein fyrir almenningsamgöngur

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að unnið verði með Vegagerðinni að gerð forgangsakreinar fyrir almenningsamgöngur (Strætó) vestanmegin á Kringlumýrarbraut, milli Háaleitisbrautar og Miklubrautar fyrir akstursstefnu til suðurs.

Greinargerð:

Í Nýju leiðaneti Strætó er stefnt að því að Borgarlínuleið D aki Kringlumýrarbraut að og frá miðborginni. Í þessu verki er stefnt að því að taka frá það rými sem til þarf undir sérrými Borgarlínu og nýta það sem forgangsrein fyrir Strætó. Hluti af framkvæmdunum er að breyta leið 4 í átt að því hvernig leið D mun aka í Reykjavík í framtíðinni; þ.e. aka Kringlumýrarbraut milli Háaleitisbrautar og Miklubrautar í stað þess að aka Háaleitisbraut.

Á vestari hluta Kringlumýrarbrautar, á akstursstefnu til suðurs, myndast gjarnan samfelld bílaröð frá Miklubraut og niður að Laugavegi á annatímum seinnipartinn, og jafnvel langleiðina niður að Borgartúni þegar verst lætur. Það er því brýnt að bæta aðstæður fyrir Strætó áður en leið 4 fer að aka þessa leið.

Ekki stendur til að breikka götuna í þessu skyni heldur verður það rými sem þarf tekið af miðeyjunni. Núverandi kantlína götunnar að vestan mun því haldast óbreytt, núverandi hægri akrein verður að sérrein Strætó og núverandi vinstri akrein verður hægri akrein fyrir bílaumferð. Tekið verður af miðeyjunni fyrir nýrri akrein sem verður vinstri akrein. Nyrst á svæðinu, næst gatnamótum við Háaleitisbraut, er fyrirhuguð strætóstöð. Með þessu móti má komast hjá því að hafa áhrif á núverandi göngu- og hjólastíga sem liggja vestanmegin Kringlumýrarbrautar.

Helstu verkþættir eru:

- Strætórein verður útbúin þar sem núverandi hægri akrein til suðurs er
- Núverandi miðeyja verður mjókkuð til að koma fyrir nýrri akrein
- Girðing í miðeyju verður færð og sett í miðjuna á mjókkaðri miðeyju
- Akreinabreidd verður minnkuð
- Strætóstöðvar verða hannaðar fyrir 12 m vagna, í samráði við Strætó, og verða settar upp sem næst gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Háaleitisbrautar

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson



Reykjavík



deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Grunnmynd forhönnunarteikninga að umræddum breytingum ásamt kennisniðum



Reykjavík

